



Ronja Lena sigraði Söngkeppni NFSu

Söngkeppni NFSu fór fram í íþróttahúsinu Iðu á Selfossi í gærkvöld. Átta keppendur tóku þátt að þessu sinni og var þemað James Bond.

Selfyssingurinn Ronja Lena Hafsteinsdóttir sigraði keppnina.

Hún flutti lagið *Me and Bobby McGee* með Janis Joplin og bar af að sögn dómara. Mikill metnaður var lagður í atriðið og er augljóst að Ronja á heima á sviðinu. Söngur hennar var kraftmikill og sviðsframkoma

frábær. Hún heillaði áhorfendur. Í öðru sæti var Heimir Árni Erlendsson, en hann flutti lagið *Folsom Prison Blues* eftir Johnny Cash. Björk Friðriksdóttir tók þriðja sætið með lagið *Ég sjálf* eftir hljómsveitina Írafár. Bæði Heimir og Björk eru úr Landeyjum.

Einnig voru veitt verðlaun fyrir skemmtilegasta atriðið. Selfyssingurinn Sigurður Ernir Eidsón tók þau verðlaun. Hann söng lagið *Final Countdown* með Europe og tókst að skapa

rífandi stemningu í salnum með flutningi sínum.

Nóg var um skemmtiatriði á meðan dómamarar réðu ráðum sínum. Hljómsveitin Koppafeiti tók lög af nýjustu plötunni sinni. Nú verða sagðar kvöldfréttir, ásamt því að spila undir með keppendum. Sigurvegari keppinnar í fyrra, Gísli Freyr Sigurðsson, söng nokkur lög með hljómsveitinni sinni Slysh og í lokin steig Flóni á svið og tók nokkur vel valin lög.

EHI



Freyja Rós hlaut hvatningarverðlaun á degi gegn einelti

8. nóvember er haldinn háttíðlegur ár hvert af því að sá dagur er tileinkaður baráttunni gegn einelti. Dagurinn hefur verið kallaður dagur gegn einelti. Markmið hans er að minna okkur á mikilvægi þess að sporna við og stöðva einelti þegar við verðum þess vör, en einnig að efna til umræðu, fræðslu og viðburða og hvetja til jákvæðra samskipta og efla vináttu.

Á degi gegn einelti bauð Heimili og skóli til athafnar í Tækniskólanum í Sjómannahúsinu. Aðaltilefnið var afhending hvatningarverðlauna til þess einstaklings eða hóps sem þótti hafa

borið af í baráttunni gegn einelti. Skólameistari Tækniskólans, Hildur Ingvarsdóttir, stýrði dagskrá, en ávörp fluttu Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra, Sigurður Sigurðsson framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, Sigrún García Thorarensen, formaður fagráðs eineltismála og Ali Mukhtar Ahmed nemandi á íslensku-braut Tækniskólans. Fjölmargar tilnefningar bárust en það var Freyja Rós Haraldsdóttir, kennari við Menntaskólann á Laugarvatni sem hlaut verðlaunin að þessu sinni. Henni var þakkað vel fyrir hennar framlag til baráttunnar gegn einelti.



Freyja Rós á verðlaunaafhendingunni með fjölskyldu sinni.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Toyota
Selfossi



ÚTBOÐ

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:



Röðulstangi 2025

Verklok eru 1. júní 2026.

Áfanga 1 skal lokið 15. september 2025
Áfanga 2 skal lokið 1. Júní 2026

Verkið felur í sér gerð á nýrri götu „Röðulstanga“ í hverfinu „Byggð ábrikum“ á Flúðum í Hrunamannahreppi.

Verktaki skal jarðvegsskipta götu og stíga samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag, burðarlag og malbik á stíga og götur. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, ljósleiðaralagnir, ljósastauralagnir, setja upp ljósastaura og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

Fullgera skal götuna Röðulstanga með öllum lögnum og fullfrágengnu yfirborði götukassana. Einnig skal malbika hluta af Kerlingartanga.

Verkinu er skipt í 2 áfanga.

Áfangi 1 innfelur allar lagnir og malbikun gatna ásamt kantsteini

Áfangi 2 innfelur fullnaðar frágang gangstétta, stíga og umferðamerkjja.

Verkinu skal að fullu lokið 1 júní 2026.

Helstu magntölur eru:

| | |
|--|---------------------|
| Gröftur | 6840 m ³ |
| Styrktarlag og fylling í lagnaskurði | 8085 m ³ |
| Malbik | 3524 m ² |
| Fráveitulagnir | 704 m |
| Vatnsveitulagnir | 380 m |
| Hitaveitulagnir | 469 m |
| Fjarskiptalagnir | 738 m |
| Rafmagnsstrengir | 2200 m |
| Ljósastaurar | 11 stk |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 11. nóvember 2024. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu Suðurlandi með tölvupósti á netfangið bardur.arnason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 10:00 þriðjudaginn 26. nóvember 2024, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórinn í Hrunamannahreppi

Hrönn tekur við ritstjórástöðu Dagskrárinnar

Eín Hrönn Jónsdóttir hefur tekið við stöðu ritstjóra hjá Dagskránni, fréttablaði Suðurlands, og DFS.is. Hrönn, eins og hún er alltaf kölluð, hóf störf hjá Dagskránni í ágúst á þessu ári og hefur á þeim tíma sinnt blaðamennsku ásamt því að aðstoða við uppsetningu blaðsins og ýmsum tilfallandi verkefnum hjá Prentmeti Odda. Hrönn tekur við af Björgvini Rúnari Valentínussyni sem hefur ritstýrt blaðinu undanfarna mánuði. Hann kemur því til með að stíga til hliðar og halda áfram að sinna starfi sínu sem útíbússtjóri Prentmets Odda á Selfossi, rekstraraðila Dagskrárinnar ásamt því að vera blaðamaður hjá Dagskránni.



Það er margt spennandi framundan hjá Dagskránni og fréttavef blaðsins, DFS.is. Má

þar nefna nýjan viðtalsþátt á DFS TV sem fer í loftið fyrir kosningar.

Heimavist óvissunnar

Þegar ég var 16 ára flutti ég að heiman til þess að sækja mér menntun við Fjölbautaskóla Suðurlands (FSu). Ég bjó það langt frá skólanum að ég hafði ekki þann möguleika að taka strætó frá Hvolsvelli eins og margir sem búsettir eru í Rangárfingi eystra. Til allrar hamingju fyrir mig og foreldra mína var heimavist á Selfossi sem bauð upp á íbúðir á viðráðanlegu verði. Svo þegar ég útskrifaðist árið 2016 lauk einnig sögu þeirrar heimavistar og hafa þau mál verið í lausu lofti síðan þá.

Fjölbautaskóli sem á að taka á móti nemendum sem búa oft í hundruð kílómetra fjarlægð verður að vera tilbúinn til þess að taka á móti ungmennum sem

eru að sækja sér menntun. Að flytja að heiman 16 ára er stórt skref fyrir nemandann og einnig foreldra. Þau vilja síður senda barnið sitt í óvissuna. Fjölbautaskóli Suðurlands myndi þjóna hlutverki sínu margfalt betur með varanlegu úrræði fyrir nemendur sem koma langt að.

Árið 2020 náðust samningar á milli ríkisins og aðila um leigu á húsnæði, sem er jákvætt, en ekki er um að ræða varanlega lausn þar sem sá samningur rennur út um áramótin. Á meðan það er ekki komin varanleg lausn á húsnæði heimavistar þá er mikilvægt að halda í samninga við núverandi aðila.

Heimavist myndi auka möguleika fyrir ungmenni hérna á Suðurlandi að sækja sér nám, án

Ingveldur Anna Sigurðardóttir,

3. sæti Sjálfstæðisflokksins í Suðurlkjördæmi



þess að þurfa reiða sig á leigumarkaðinn eða skyldmenni. Menntaskólinn á Laugarvatni er með frábæra heimavist þar sem ungmenni hafa sama stað og ákveðið öryggisnet. Félagslegi hlutinn af heimavist er líka ómetanlegur. Ungmennin mynda eina sterka heild og eignast vini til framtíðar. Minningarnar mínar af heimavistinni eru ómetanlegar.

Opinn framboðsfundur á Sólheimum

Sólheimar standa fyrir opnum framboðsfundi á laugardaginn 16. nóvember kl. 14:00. Fulltrúum frá öllum framboðslistum í Suðurlkjördæmi er boðin

þátttaka og hafa öll staðfest komu sína nema Sjálfstæðisflokkur. Hefðbundið fyrirkomulag verður á fundinum þar sem allir framboðendur halda stutta

framsögu, spurningar úr sal og á milli framboðenda og órstutt lokaorð. Fundarstjóri verður Guðmundur Finnbogason. Öll velkomin.

Fræðslustund fyrir eldra fólk og aðstandendur í Sveitarfélaginu Árborg

Aldurssamsetning þjóðarinnar breytist nú hratt. Eldra fólk lifir lengur en áður og er virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr. Þjónusta við eldra fólk þarf að þróast í takt við þetta. Sú vegferð er nú hafin undir heitinu Gott að eldast. Stjórnvöld taka þar utan um málefni eldra fólks með nýjum hætti. Grunnhugsunin er sú að eldra fólk sé ekki byrði á samfélaginu heldur hafi það ótvírætt virði. Mikilvægur hlekkur í þessu öllu er að koma saman og fræðast, hittast og eiga gæðastundir. Fimmtudaginn 21. nóvember næstkomandi verður fræðslustund fyrir eldra fólk og aðstand-

Gott að eldast

endur þeirra í Grænumörk 5 á Selfossi. Fræðslan verður milli 17-18:30 og dagskráin eftirfarandi:

17:00 Það er pláss- Vitundarvakning Félags- og vinnu- markaðsráðuneytisins um félagslega einangrun
17:40 Fræðsla um netglæpi

frá Samfélagslöggunni á Suðurlandi

18:20 Kynning á Hreyfirás frá Iðjuþjálf

Notaleg fræðslustund fyrir eldra fólk og aðstandendur þeirra. Kaffi og kleinur í boði á meðan birgðir endast. Öll velkomin!



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

HÚSASMÍÐJU DAGAR

Fimmtudag til laugardags

Á SELFOSSI



Skoðaðu
öll tilboðin

20-30%

- Seríur og jólaljós • Aðventuljós • Gluggaljós • Jólappír og borðar • Gervijólatré Jólaskraut
- Allt á jólatréð • Jólástyttur • Jólasveinar • Jólástjarnan • Allt á aðventukransinn og jólaskreytingarnar
- Grenilengjur • Pottaplöntur • Dúkar og servíettur • Kerti, kertastjakar og bakkar
- Blöndunartæki (Grohe, Ferro, Damixa) • Rafmagnsverkfæri (Hikoki, Black+Decker, Milwaukee, Makita, Worx)
- LADY málning • LADY lakk • Perur og ljós (Gildir ekki af HUE og WiZ) • Salerni og handlaugar Eldhúsvaskar
- Parket • Flísar • Búsáhöld • Pottar og pönnur • Diskar, glös, bollar og matarstell
- Bökunarvörur • Hreingerningavörur
- ... Kláraðu jólin og jólagjafirnar hjá okkur

Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta léga verði Húsasmiðjunnar“.

Þitt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Hrekkjavökuball Lionsklúbbsins Eden

Þann 31. október síðastliðinn hélt Lionsklúbburinn Eden í Hveragerði hrekkjavökuball fyrir börn og ungmenni.

Þetta ball er okkar stærsta fjáröflun á árinu. Það eru margir í okkar nærumhverfi sem við styrkjum. Til dæmis gefum við öllum börnum á leikskólunum hér í bæ Blæ bangsa þegar þau hefja leikskólagöngu sína, gefum einstæðingum á Dvalarheimilinu Ási jólagjafir, styrkjum sjóðinn góða, bjóðum upp á fríar sykursýkismælingar og margt fleira.

Við viljum sérstaklega þakka Atla Viðari Þorsteinssyni plötu-snúð fyrir að halda uppi stuðinu, Hveragerðisbæ fyrir lánið á íþróttahúsinu, dásamlega starfsfólkinu í íþróttahúsinu fyrir aðstoðina við ballið og síðast en ekki síst þökkum við félögum okkar í Lionsklúbbi Hveragerðis fyrir ómetanlega aðstoð.

Á Suðurlandi starfa margir öflugir Lionsklúbbar, allir klúbbarnir taka vel á móti nýjum og áhugasömum félögum. Ef þig vantar upplýsingar um klúbb á þínu svæði þá má hafa samband við mig á netfangið thelma-ros81@gmail.com.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Eden Hveragerði,
Thelma Rós Kristinsdóttir



Stöðugur straumur af ungu fólki á Listasafn Árnesinga

Listasafn Árnesinga í Hveragerði hefur nú á haust- og vetrarmánuðum boðið elstu stigum grunnskóla í Árnessýslu á fjórar yfirstandandi sýningar, þar á meðal sýninguna Lífrænar Hringrásir.

Í sýningunni Lífrænar Hringrásir koma saman þrettán listamenn sem hafa mikla hrifningu á náttúrunni sem kemur fram í verkum sem tengja saman list og vísindi. Sýningin sýnir verk sem endurspeglar skilning þeirra á náttúrunni sem byggir bæði á rannsóknum og þekkingu.

Sýningin skoðar breytingu í hugsun okkar í átt að endurnýjuðu bandalagi við náttúruna sem býður upp á tækifæri til að íhuga hvert samskipti okkar við umhverfið hafa leitt okkur. Alda Rose Cartwright verkefnastjóri fræðslu veitir skólunum leiðsögn um sýninguna og stundum eru það einnig listamenn sýningarinnar sem hitta hópana og kynna verk sín. Sýningin vekur

nemendur til umhugsunar um umhverfið og áhrif mannsins á náttúruna og fá sömuleiðis inn-sýn í hugarheim listamanna. Verkefni sem þetta er mikil gjöf til samfélagsins því að markmið safnsins er að teygja anga sína inn að öllum skólum í sýslunni og gera þeim kleift að heim-

sækja safnið sem oftast óháð búsetu. Verkefni sem þetta væri ekki mögulegt nema fyrir rausnarlegan styrk frá Barnamenningsrjóði, List fyrir alla og Landsvirkjun. Nú þegar hafa um rúm 100 börn heimsótt safnið og er von á 200 börnum í viðbót í nóvember.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Undir stiga oft ég sá, algeng boltaleikjum á.
Komdu strákur undir eins, oft á vori hret til meins.

Svar við gátu í blaði 2777: HAUS
1. Fyrirsögn á blaðagrein
4. Endir á bryggju, bryggjuspörður eða haus

Sunnlenski matgæðingurinn

Einfalt túnfiskpasta

Heiðar Helguson er matgæðingur vikunnar.

Ég vil þakka Bjarma fyrir að skora á mig sem matgæðing vikunnar. Ég tel mig vera sæmilega sleipan í eldhúsinu. Ég hef mikinn áhuga á að elda og borða mat og því ætla ég að koma með eina lauffléttu og auðveldla pastauppskrift sem er ekkert mál að útbúa. Hún er með innihaldi sem margir halda að ætti ekki við en ég skora á fólk að prófa.



Túnfiskpasta

- Einn pakki pasta að eigin vali
- Einn laukur 2-3 hvítlauksrif Basil (má alveg sleppa)
- Teskeið kanill
- 2 dósir af pastasósu að eigin vali
- 2 dósir túnfiskur í vatni
- Salt og pipar
- Sítróna
- Parmesan

Steikið laukinn og hvítlauk og stráið kanil yfir. Steikist

þangað til laukur er orðinn linur (5 mín eða svo). Setjið tómatsósuna, túnfisk og salt og pipar út í og látið malla í 15-20 mín. Á meðan sósan er að malla þá sjóðið þið pastað eftir leiðbeiningum. Þegar pastað er tilbúið þá blandast allt saman og smá sítrónusafi kreistur yfir. Stráið parmesan yfir eftir þörfum. Það má alveg sleppa sítrónunni og parmesan ef fólk er ekki hrifið af því.

Ég skora á Inga Rafn Ingibergsson. Hann segist vera frábær í eldhúsinu svo ég býst við flugeldasýningu frá honum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Bréfdúfnabóndi fræddi Öldungaráð um dúfur

Ragnar Sigurjónsson bréfdúfnabóndi í Brands- húsum í Flóa fræddi gesti sína í Öldungaráðinu á Selfossi um bréfdúfnar sínar og hæfileika bréfdúfna og flugþol þeirra. Ragnar segir bréfdúfnasportið sérstaklega geðbætandi og hafa góð áhrif á sálarlífið. Fyrst og fremst þegar þú ferð út í kofa til dúfnanna, þar er þá engin önnur truflun. Svo er yndislegt að fljúga um loftin blá og eru þær með mjög gott flugþol. Ragnar hefur sent dúfur sínar á Grímsstaði á Fjöllum og þær voru í þrjá tíma heim að Brands- húsum í Flóa. Ragnar sýndi lita- dýrð dúfna sinna, bláar, brúnar og hvítar. Hann segir að flott sé í brúðkaupum að sleppa hvítum dúfum. Dúfan er boðberi ástar, friðar og frétta.



Ragnar heldur hér á Mjallhvíti sinni.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

MYND EFTIR ÓSKAR PÁL SVEINSSON

ÁRNDAR ÞAGNA

ÞINGBORG FLÓAHREPPI

Miðvikudagskvöldið 20. nóv. Kl 20.

Frítt inn og léttar veitingar í boði.

Að lokinni sýningu verða umræður um efni hennar með frambjóðendum og kjósendum í Suðurkjördæmi.



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Við bjóðum í vöfflukaffi næstkomandi laugardag!
kl. 11.00 16. nóvember
Sal Framsóknar - Eyravegi 15

Sérstakur gestur:
Jóhann Friðrik Friðriksson
3. sæti á lista Framsóknar

Öll velkomni!
Framsókn í Árborg

Jólamarkaðurinn mikilvæg fjáröflun í starfi Kvenfélags Biskupstungna

Kvenfélag Biskupstungna heldur árlegan jólamarkað sinn í Aratungu laugardaginn 30. nóvember kl. 13–16. Mikil spenna ríkir alltaf í kringum markaðinn og er hann stór hluti af fjáröflun kvenfélagsins en það sem safnast fer í góð málefni.

Á markaðnum er ávallt mikil jólastemning en á boðstólum verður fallett handverk af ýmsum toga, matvörur úr héraði, jólavörur og ýmislegt annað spennandi. Einnig er hægt að setjast niður í notalegri kaffihústastemningu og gæða sér á kræsingum af kökuhlaðborði kvenfélagskvenna auk þess að taka þátt í hlutaveltunni sem er alltaf stútfull af skemmtilegum vinningum, engin núll! Að þessu sinni er jólamarkaðurinn á kjördegi og því tilvalið að nýta kaffihlaðborðið sem kosningakaffi um leið og kosið er í Reykholtsskóla.

Enn eru nokkur söluborð eftir og hægt að tryggja sér borð hjá kvenfelagbiskupstungna@gmail.com eða í síma 699-1234 (Andrea). Allir eru hjartanlega velkomnir.



Tryggjum nýliðun bændastéttarinnar

Samkvæmt Stjórnarráði Íslands þá á „Ríkissjóður Íslands á alls um 450 jarðir og þar af fara Ríkiseignir með daglega umsýslu um 315 jarða. Flestar jarðir í umsjón Ríkiseigna eru í ábúð en 122 ábúðarsamningar eru í gildi hjá Ríkiseignum vegna bújarða.”

Stóra spurningin er hvað verður um ríkisjarðirnar þegar bændur hætta búskap, þá venjulega vegna aldurs, veikinda eða breyttra aðstæðna? Venjan er að

bóndinn selji landbúnaðartækin og allt sem snýr að rekstri búins, öllum búfénaði er slátrað. Jörðinni er skilað inn til Ríkiseigna, bændum borgað út húsinn á jörðinni og fyrir ræktunina. Þetta eru þung spor fyrir bændur sem hafa lagt líf sitt og sál við ræktun á góðum bústofni og ræktun landsins, sem jafnvel hefur byggst upp í áratugi og í gegnum nokkrar kynslóðir. Margir bændur eiga uppáhalds- og dekurdyr innan bústofnsins hvort sem það eru kýr, kindur eða hross. Eins og flestóllum starfstéttum þá þykir þeim vænt um og eru stoltir af æviverkum sínum. Eðli málsins samkvæmt fylgir sorg og þung spor fyrir bændur að sjá ævistarf þeirra líða undir lok með þessum hætti.

Ríkiseignir torvelða nýliðun

Á þessum tímamarki þá er engin starfsemi á jörðinni, þar sem áður var full starfsemi, hugsjón, metnaður og líf með gleði og sorgum. Jörðin er lögð í eyði, húsakostur án hita og viðhalds sem leiðir til íbúðarhúsnæðis og útihús verða skemmdum og niðurníðslu að bráð. Þetta er ákvörðun Ríkiseigna og er mikill skaði fyrir landbúnað og byggðir landsins.

Gefum ungum bændum tækifæri

Í stað þess að Ríkiseignir framleiði eyðijarðir með aðgerðarleysi, þá gætu Ríkiseignir auglýst eftir ábúanda sem ætla að stunda búskap á jörðinni. Ábúandinn tæki þá við jörðinni í fullum rekstri með vélum, bústofni og ræktun. Slíkt fyrir-

Þórdís Bjarnleifsdóttir

4. sæti Sósíalistasflokks í Suðurkjördæmi.



komulag er tilvalið tækifæri fyrir unga bændur að grípa sem tryggir nýliðun innan bænda-stéttarinnar. Að auki eru dæmi um að Ríkiseignir séu að koma í veg fyrir kynslóðaskipti á bújörðum með því að banna að byggja nýjar byggingar sem innihalda nútímabúskaparhætti, nema með því skilyrði að ríkið þurfi ekki að kaupa nýbyggingar þegar búskap er hætt á jörðinni. Það er óhætt að segja að Ríkiseignir standi í vegi fyrir nýliðun innan bænda-stéttarinnar. Ríkiseignir geta boðið bændum upp á hagstæð lán þegar þeir taka við ríkisjörðum í fullum rekstri, til að geta keypt vélar og bústofn sem fyrrum ábúandi hefur fjárfest í og ræktað í gegnum árin. Í stefnu Sósíalistasflokks Íslands í landbúnaðar- og matvælamálum segir: „Bæta skal kjör bænda og þeir viðurkenndir sem sá mikilvægi hluti framvarðarsveitar landsmanna sem þeir eru í raun svo tryggja megi fæðuöryggi og sjálfbærni. Þá séu nýsköpunarstyrkir til bænda auknir og einnig verði boðið upp á hagstæð lán til framkvæmda, nýsköpunar og nýliðunar.“

Er ekki kominn tími til að bændur kjósi nýjar áherslur fyrir velferð og framtíðarmöguleika landbúnaðarins? Nú er rétti tíminn til að kjósa Sósíalistasflokk Íslands með því að setja X við J.

Opnir fundir hjá Samfylkingunni

Frambjóðendur Samfylkingarinnar í Suðurlandkjördæmi, þau Víðir Reynisson, Ása Berglind Hjálmarsdóttir, Sverrir Bergmann Magnússon og Arna Ír Gunnarsdóttir, ásamt Kristrínu Frostadóttur, formanni Samfylkingarinnar, bjóða íbúa Suðurlandkjördæmis til samtals á opnum fundum víðsvegar um kjördæmið á næstunni.

- 17. nóvember á Hótel Kötlum í Vík kl. 10:00 – 12:00
- 17. nóvember á Hótel Laki á Kirkjubæjarklaustri kl. 14:00 – 16:00
- 17. nóvember á Heppa Restaurant á Höfn kl. 20:00 – 22:00
- 19. nóvember á Félagsheimilinu Hvoll á Hvolsvelli kl. 12:30 – 14:30
- 19. nóvember á Heima Bistro í Þórlákshöfn kl. 17:00 – 19:00
- 20. nóvember á Papas pizza í Grindavík kl. 17:00 – 19:00
- 20. nóvember á Hótel Keflavík í Reykjanesbæ kl. 20:00 – 22:00
- 24. nóvember í Tryggvaskála á Selfossi kl. 16:00 – 18:00
- 26. nóvember á Háaloftinu í Höllinni í Vestmannaeyjum kl. 17:00 – 19:00

Við hvetjum alla, sama þó að þið séuð ákveðin eða óákveðin, að koma og taka þátt í mikilvægu samtali. Þín skoðun skiptir máli.





FRÖKEN SELF OSS

ICELANDIC FOOD & DRINK

- JÓLAMATSEÐILL
- JÓLA LÚXUS BRUNCH
- GJAFABRÉF Í JÓLAPAKKANA

WWW.FROKENSELF OSS.IS

Í SAMSTARFI VIÐ

VEISLUÞJÓNUSTA SUÐURLANDS

- JÓLAHLAÐBORD
- JÓLA PINNAVEISLA
- VEISLU MATSEÐLAR
- TAKE AWAY HÁTÍÐARPLATTAR

STÓR AUKIN ÞJÓNUSTA, SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
WWW.FROKENSELF OSS.IS/VEISLUÞJÓNUSTA

ÞORRABLÓT 2025 - BÓKAÐU NÚNA



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Sameinumst, hjálpum þeim

Átt þú náinn aðstandanda í fíknivanda? Ég vil segja við þig: Ég skil þig.

Ég skil tilfinninguna sem fylgir því að horfast í augu við úrræðaleysið.

Ég skil skömmina sem læðist að manni.

Ég skil reiðina yfir því að fá ekki hjálp og sársaukann þegar sá sem maður elskar breytist smátt og smátt í einhvern sem mann langar helst ekki að kannast við.

Ég átti dásamlegan, brosmildan, eldklárán og athafnasaman bróður sem var fjórum árum yngri en ég. Hann hafði allt sem þurfti til þess að verða

hörkuduglegur smiður, bakari já eða garðyrkjumaður, því hann fann með sér einstakan hæfileika til þess að rækta á sínum síðustu árum. En það sem hann ræktaði var ekki löglegt heldur kannabisplantan. Þegar hann lést kom það í minn hlut að láta hreinsa niður blómlega ræktun sem hann var búinn að koma sér upp. Þá gat ég ekki annað en hugsað, bara ef þessir hæfileikar hefðu fengið eðlilegan farveg, bara ef hann hefði fundið sína styrkleika fyrr á ævinni og fundið sína fjöl í lífinu. Þá hefði hann ef til vill ekki leiðst út í fíkniefnaneyslu, afbrót og fangelsisvist. Þá hefði fjölskyldan ekki þurft að ganga í gegnum þann óbærilega sársauka sem fylgir því að horfa á eftir þeim sem maður elskar fara þessa leið.

Knútur var 24 ára þegar hann lést, beltislaus og undir áhrifum fíkniefna, í bílslysi. Tölurnar sem birtast okkur um þá sem látast af völdum of stórra skammta eru ekki eina breytan í heildarmyndinni þegar dauðsföll af völdum fíkniefna eru skoðuð. Tilfellin eru mun fleiri, tilfelli eins og bróður míns, þar sem fíknin veldur slysum eða leiðir til þess að fíkillinn sér enga leið út aðra en að taka eigið líf. Hvert tapað líf snertir marga, veldur harmi sem aðstandendur bera í hljóði, kostar samfélag okkar mikla fjármuni og við gjöldum þess öll þegar lífsglaður og hæfileikaríkur einstaklingur hverfur úr lífi okkar og samfélagi.

Stóreflum stuðning og finnum fjalar

Við verðum að stórefla stuðning við börn og ungmenni. Það þarf að fjölga meðferðarráðum bæði fyrir ungmenni og fullorðna. Við þurfum að styrkja Barna- og unglingsdeild, BUGL og úrræði eins og Stuðla. Það þarf að efla stuðning við foreldra og aðstandendur í aðstæðum sem enginn er búinn undir. Við þurfum að stórauka aðgengi að sálfræðingum og öðrum sérfræðingum sem geta hjálpað börnum og ungmennum að takast á við áföll, erfiðar félagslegar aðstæður, tilfinningarvanda og fíknivanda.

Við þurfum að byrja fyrr að hjálpa börnum að finna sína fjöl í lífinu, styðja fjölskyldur, efla tilfinninga- og geðheilbrigði barna og byrja þá vinnu strax við fæðinguna.

Það er ráðið til að sporna við þessari þróun. Ungmenni sem fer af stað út í lífið eftir grunn-skólagöngu með sterka sjálfsmynd, sem er búð að finna hvar hæfileikarnir og áhuginn liggja, er mun líklegri til þess að halda áfram skólagöngu og vegna vel heldur en þau sem leggja af stað í lífsins ólguþjó með brotna sjálfsmynd og óviss um hvert þau eiga að stefna í lífinu.

Ása Berglind
Hjálmarsdóttir



Frambjóðandi í 2. sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðurlandskjördæmi.

Þarna skiptir aðgengi að list- og verkgreinum höfuðmáli, bæði í skólakerfinu og tómstundum. Börn sem eiga erfitt með lestur og einbeitingu geta oft blómstrað í smíðum, myndlist, tónlist, dansi, leiklist, forritun, kvikmyndagerð og svona mætti lengi telja. Það er í raun lífsspursmál að börn og ungmenni fái tækifæri til að máta sig í þessum greinum og ef þau finna sig í þeim, þá verður að tryggja að þeim sé gefið tækifæri til þess að rækta hæfileika sína markvisst.

Menning og skapandi greinar eru alvöru atvinnuvegur

Öll þessi fög eru alvöru atvinnugreinar, sem gefa alvöru tekjur og tryggja ungmennum alvöru framtíð. List- og verkgreinar eiga ekki að vera afgangsstærð í skólakerfinu okkar og það er mikilvægt að hafa það í huga þegar umræðan helgast í kringum samræmt námsmat og PISA-kannanir. Menning og skapandi greinar skila 3,5% til landsframleiðslunnar. Til sam- anburðar þá skilar sjávarútvegur og fiskeldi 4%. Menning og skapandi greinar eru líka lyk- ilatvinnuvegur þegar kemur að framtíðinni og þeirri byltingu sem á sér stað í atvinnuháttum.

List-, verk-, og tæknigreinar í skólum, frístundastarf, félagsmiðstöðvar, tónlistarnám, íþróttir og aðrar tómstundir eru lyklatríði í því hvernig við snúum við þeirri þróun sem við horfum á þegar kemur að aukinni vanlíðan ungmenna. Það þarf að stórauka aðgengi og vinna markvisst að því að hjálpa ungmennum að finna sína fjöl í lífinu, líka þegar þau eiga erfitt með að sitja kyrr, lesa eða einbeita sér.

Fyrir skömmu hitti ég fanga á Hólmsheiði sem var að störfum í listasmiðju. Þar sagðist hann í fyrsta sinn finna fyrir hugarró á meðan hann var að mála muni sem hann var að búa til, hann gat í fyrsta sinn einbeitt sér og fundist hann flinkur í einhverju. Þessi orð höfðu djúp áhrif á mig og styrktu mig enn frekar í þeirri trú að það sé nauðsynlegt að efla aðgengi að list- og verkgreinum. Ég mun beita mér fyrir því fái ég til þess umboð í komandi kosningum.

Að lokum langar mig að senda baráttukveðjur til allra kennara landsins. Þið, velferð ykkar og sérþekking er svo óendanlega mikilvæg öllu ungu fólki og kennarastarfið ætti að vera metið til launa í samræmi við það.

Auglýsing um íbúakosningu í Sveitarfélaginu Ölfusi

Sveitarfélagið Ölfus boðar til íbúakosningar á grundvelli 107. gr. sveitarstjórnarlaga um aðal- og deiliskipulagstillögur vegna mölunarverksmiðju og hafnar í Keflavík við Þorlákshöfn. Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á vefsíðu sveitarfélagsins og eru íbúar hvattir til að kynna sér þær vel.

Íbúum gefst kostur á að kjósa um tillögurnar og er greitt atkvæði um þær saman. Svarmöguleikar eru eftirfarandi:

- Já (ég samþykki skipulagstillögurnar og þar með að fyrirtækið fái heimild til að reisa verk- smiðjuna sem fjallað er um í áður auglýstum skipulagstillögum).

eða

- Nei (ég hafna skipulagstillögum og þar með að fyrirtækinu verði ekki heimilað að reisa verk- smiðjuna sem fjallað er um í áður auglýstum skipulagstillögum).

Kosið er um tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir iðnaðar og hafnarsvæði vestan byggðar í Þorlákshöfn. Hámark byggingarmagns á reit I3 er aukið úr 540.000 m² í 1.040.000 m². Þá er nýju hafnarsvæði bætt við sem nefnist H4.

Einnig er kosið um tillögu að deiliskipulagi fyrir mölunarverksmiðju og höfn á Laxabraut 43A og 43B. Mólunarverksmiðjan samanstendur af fjölbreyttum byggingum með mismunandi hlutverk. Á hafnarsvæðinu er gert ráð fyrir hafnaraðstöðu með krana, mannvirkjum, athafnasvæðum, færiböndum og öðrum innviðum fyrir rekstur og þjónustu hafnarinnar.

Skipulögin eru til kynningar á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, á vef sveitarfélagsins www.olfus.is og á vef Skipulagsstofnunar. Ábendingum, athugasemdum eða spurningum má beina á skipulag@olfus.is

Framkvæmd íbúakosningarinnar

Framkvæmd íbúakosningarinnar byggir á ákvæðum reglugerðar nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga. Íbúakosningin stendur yfir í tvær vikur og hefst þann 25.nóvember og lýkur 9.desember næstkomandi.

Kosið er á bæjarskrifstofu sveitarfélagsins og hægt er að kjósa alla virka daga á opnunartíma skrifstofunnar.

Á kjördegi Alþingiskosninga þann 30. nóvember næstkomandi gefst kjósendum tækifæri til að greiða atkvæði á kjörstað og er opnunartími sá hinn sami og við Alþingiskosningar.

Kjósendur geta óskað eftir að greiða atkvæða í póstkosningu með því að senda póst á formann kjörstjórnar Sigurð Jónsson á netfangið sigginonna@gmail.com eða á Söndru Dís Hafþórsdóttur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs á netfangið sandradis@olfus.is, nánari upplýsingar um póstkosningu má finna í 10.gr. reglugerðar nr. 922/2023.

Rétt til þátttöku í íbúakosningunni hafa þeir sem mega kjósa í sveitarstjórnarkosningum, þ.e.:

- Hver íslenskur, danskur, finnskur, sænskur eða norskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning hefst og á skráð lögheimili í því sveitarfélagi sem íbúakosning fer fram,
- Erlendur ríkisborgari, annar en greinir í a-lið, ef hann hefur átt skráð lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir lokadag atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum a-liðar

Atkvæðagreiðslan er bindandi skv. 3. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Yfirkjörstjórn sveitarfélagsins fer með hlutverk kjörstjórnar vegna íbúakosninga.



Umhverfisvottuð prentsmiðja



Stuðningur við skógrækt



Eitt tré fellt = Þrjú gróðursett





Hrein orka



Tækjakostur lágmarkar orkunotkun



Umhverfisvottaður pappír notaður við framleiðsluna



Umhverfisvottaður farfi notaður við framleiðsluna



Endurnýtanlegt hráefni



Stuðlað að fullnýtingu úrgangs



482 1944 www.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar



BYGGINGARRÉTTUR FYRIR ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Árborg auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir íbúðarhúsnæði á lóðinni Tryggvagötu 36. Um er að ræða lóð í grónu hverfi miðsvæðis á Selfossi þar sem stutt er í alla þjónustu.

Leitað er að kaupanda/fasteignarþróunaraðila sem mun taka að sér að leiða breytingu á deiliskipulagi, hanna, fjármagna og byggja íbúðir á lóðinni.

Niðurstaða útboðs verður birt á vef Árborgar.

Leitað er að kaupanda/fasteignarþróunaraðila sem mun taka að sér að leiða breytingu á deiliskipulagi, hanna, fjármagna og byggja upp íbúðir á lóðinni.

Stærð lóðarinnar er 3,084 m² og er lágmarksbyggingamagn 2.500 m².

Tilboð í byggingarrétt á lóðinni ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 13:00 föstuudaginn 29. nóvember 2024. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opunar verður tilboðsgjöfum sent opnaryfirlit rafrænt.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Auglýsing um utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna alþingiskosninga 2024

Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Kosið er á skrifstofum embættisins á afgreiðslutíma skrifstofa frá kl. 9:00 – 15:00.

Afgreiðslutími verður lengdur þegar nær dregur kosningum. Sjá nánar á www.syslumenn.is

Atkvæðagreiðsla hjá sérstökum kjörstjórnum

Frá og með 18. nóvember nk. verður unnt að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofum eftirfarandi sveitarfélaga:

Sveitarfélagið Ölfus Hrunamannahreppur Skaftárhreppur
Hveragerðisbær Bláskógabyggð

Að auki verður hægt að greiða atkvæði á heimili Pálinu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 Suðurbæ, Örafum.

Nánari upplýsingar um atkvæðagreiðslu hjá sérstökum kjörstjórnum má finna á www.syslumenn.is

Kjósendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi, eigi síðar en kl. 10:00, fimmtudaginn 28. nóvember nk.

Umsóknareyðublað er hægt að fá á skrifstofum embættisins og á vefsíðu Landskjörstjórnar www.kosning.is Umsóknir óskast sendar á netfangið sudurland@syslumenn.is eða lagðar fram á skrifstofum embættisins svo fljótt sem verða má fyrir ofangreint tímamark.

Kosning á stofnunum skv. 3. tl. 2. mgr. 69. gr. kosningalaga
Sjá nánar á www.syslumenn.is og www.kosning.is

Ábyrgð á atkvæði

Athygli er vakin á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra í umdæmi sýslumanns þar sem hann á ekki lögheimili. Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá. Kjörstjóri annast póstsendingu atkvæðis að beiðni kjósanda. Allir kjósendur, sem greiða atkvæði utan kjörfundar á kjördag, bera sjálfir ábyrgð á að koma atkvæði sínu til skila.

Það athugist, að verði atkvæði póstlagt skömmu fyrir kjördag, er ekki tryggt að það berist víðeigandi kjörstjórn í tæka tíð. Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis þar sem kjósandinn er á kjörskrá.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Áfram strákar!

Ég fór með sex ára dóttur minni í fyrsta skipti á Síma-mótíð í sumar sem haldið var í Kópavogi. Þarna voru komnar saman þúsundir stelpna víðsvegar af landinu, staðráðnar í því að hafa gaman og keppa í fótbolta. Sama hvernig á stóð veðrið, en það var vægast sagt slagviðri alla helgina. Ég gleymi aldrei upplifuninni, gæsaúð inn að beini, þegar öll liðin streymdu inn á Kópavogsvöllinn og Sigga Ósk tók lagið „Áfram stelpur“ og allar sungu þær í kór með henni:

„Áfram stelpur! Sýnið taktana, áfram stelpur, hæfileikana!“

Á einni helgi stækkaði litla stelpa mín um nokkur númer í sjálfsáliti og sjálfsefningu. Eftir þessa helgi var það hennar einlæga trú að hún gæti allt; hún gæti sigrað heiminn.

Þegar heim var komið hélt stemningin áfram og húsið ómaði í margar vikur „Áfram stelpur!“

Litli bróðir hennar, þá ný-orðinn þriggja ára, var snöggur að byrja að hlaupa á eftir henni og kalla: „Nei nei nei, áfram strákar!“ Og það rann upp fyrir mér, hvar er samfélagshvatningin til strákanna okkar? Til litlu drengjanna okkar? Hvar fá þeir að heyra einmitt „áfram strákar“?

Samfélagssumræðan getur oft og tíðum verið eitruð, hvort sem það eru samfélagsmiðlar, fjölmiðlar, á kaffistofum eða jafnvel heima við eldhúsbordið. Alltof

lengi hefur samfélagssumræðan snúist um að drengir séu ekki nóg, að drengir kunni ekki að lesa og að drengirnir okkar séu almennt að falla aftur úr. Þetta er samfélagssumræða sem hefur fengið að óma í þjóðfélaginu síðastliðin ár, hættuleg og smitandi orðræða.

Hvaða skilaboð er verið að senda drengjunum okkar?

Drengirnir okkar eru ekki vandamálið, heldur er það kerfið sem hér hefur brugðist. Skömmun liggur hjá stjórnvöldum og skólakerfinu sem hafa brugðist börnunum okkar. Með skólakerfinu á ég ekki við um kennarana, heldur kerfið sem stjórnvöld hafa búið kennurum og börnunum okkar. Kerfi sem hefur mistekist að taka utan um börnin okkar, mistekist að mæta þörfum þeirra og þar með mistekist að mennta börnin okkar. Kerfi sem hefur mistekist að mæta kennurum. Staðan er sú að meirihluti kennara sjá sig ekki við kennslu eftir 10 ár, sökum núverandi vinnuálags og skilningsleysis stjórnvalda. Kerfi sem stjórnvöld hafa neitað að horfast í augu við.

Nú vaknar Sjálfstæðisflokkurinn og hleypur af stað með yfirlýsingar, stórsókn og umbreytingar á menntakerfinu; Aðgerðir bara rétt handan við hornið!

Þetta er bara alltof lítið og alltof seint. Trúverðugleikinn er horfinn, traustið er ekkert.

Heiðbrá Ólafsdóttir

tveggja barna móðir, 2. sæti á lista Miðflokksins í Suðurkjördæmi.



Menntakerfi landsins þarfnast gagn Gerrar endurskoðunar, með það að markmiði að bæta þjónustu, gæði og árangur. Miðflokkurinn hefur ávallt talað fyrir því að stórefla þurfi lestrar- og móðurmálskennslu barna þegar í stað. Í þeim efnum þurfum við ekki að finna upp hjólið, né líta lengra en til Vestmannaeyja til þess að finna framtak sem skilar árangri. Kveikjum neistann er þróunarverkefni til 10 ára sem sett var af stað haustið 2021 og hefur árangurinn ekki leynt sér. Markmið verkefnisins er að 80% barna sé læst við lok 2. bekkjar, það markmið er vel á veg komið en í lok árs 2023 höfðu 83% barna í öðrum bekk náð þeim árangri.

Miðflokkurinn telur nauðsynlegt að menntamálin séu sett ofar í forgangslistann og farið sé án tafar í stórtækar breytingar á kerfinu, með því að fjárfesta í menntamálum erum við að fjárfesta í framtíðinni.

Setjum börnin okkar og framtíð þeirra í fyrsta sætið með því að kjósa Miðflokkinn í komandi Alþingiskosningum.

Batamerki sýnd í Listagjánni

Sýningin Batamerki verður í Listagjánni á Selfossi 18. nóvember - 15. desember. Jóna Björk Jónsdóttir sýnir.

„Ég er menntaður grunnskólakennari með myndmennt sem valfag. Vegna alvarlegs þunglyndis þurfti ég að hætta vinnu og var í allmörg ár svo áhugalaus um lífið að ég hvarf að mestu inn í sjálfa mig og hafði enga löngun til þess að gera nokkuð eða yfirhöfuð að vera á lífi. Þunglyndissjúklingum er kennt að til þess að koma til baka þurfi þeir að gera hluti sem voru þeim ánægjulegir fyrir veikindin. Ég hafði alltaf haft mikla ánægju af því að teikna

og mála en samt hafði ég eiginlega ekki framtakssemi til þess að gera þetta á eigin spýtur. Ég var svo heppin að á þessum tíma var starfrækt Batasetrið á Selfossi. Einu sinni í viku var félagsmönnum boðið að koma og mála saman. Það þurfti bara að mæta, allt efni var á staðnum. Ég mætti þarna og smám saman fór ég að finna aftur fyrir gleðinni sem fylgir því að skapa eitthvað. Myndirnar mínar eru mér því dýrmætar á svo marga vegu. Ekki síst sem mikilvægur hlekkur í því að halda mér á góðum stað í glímunni við þunglyndið ásamt samveru við ástvini, hreyfingu, hollum mat,

hugleiðslu og friðsælli tilveru.“

Sýningin er opin á sama tíma og Bókasafnið frá 9-18 alla virka daga og frá 10-14 laugar-daga.

Verið öll hjartanlega velkomin.



Heiðrún Fjóla tryggði sér tvo Íslandsmeistararitla

Heiðrún Fjóla Pálsdóttir, í Berserkjum BJJ á Selfossi, tryggði sér tvo Íslandsmeistararitla í brasilísku Jiu Jitsu í galla á Íslandsmeistaramóti BJJ sem haldið var í Mjólmi laugardaginn 2. nóvember síðastliðinn.

Þetta var frábær endurkoma hjá Heiðrúnu Fjólu eftir barnsburð en hún tók Íslandsmeistararitilinn bæði í +74 kg flokknum og í opnum flokki.

Hekla Dögg Ásmundsdóttir í Berserkjum BJJ var eina hvíta beltíð í +74 kg flokknum og tók hún bronsíð í erfiðum flokki.



Frá hægri: Hekla Dögg, Heiðrún Fjóla og Sara Dögg.

Um hvað verður kosið 30. nóvember?

Um hvað verður kosið í alþingiskosningunum? Því ráða kjósendur. Þeir greiða atkvæði í samræmi við hverjum þeir treysta best í þeim málaflökkum sem þeir telja mikilvægasta á hverri tíð.

Efnahagsmál eru jafnan mikilvæg í huga kjósenda enda skiptir framvinda þeirra öllu fyrir hag heimila og fyrirtækja. Hvaða mál önnur? Þetta getur ráðist af aðstæðum á hverjum stað. Málefni hælisleitenda hafa snert byggðarlög með ólíkum hætti. Þessi málaflökkur hefur auk þess víðtæka skírskotun enda sést af reynslunni að hann hefur haft þung áhrif í fjárhagslegu og samfélagslegu tilliti.

Áherslur frambjóðenda í forsetakosningunum vestanhafs voru skýrar. Sigurvegari kosninganna lagði áherslu á efnahaginn og landamærin enda við alvarlegan vanda að stríða á suðurlandamærum Bandaríkjanna eftir úrræðaleysi í tíð fráfarandi forseta. Bandarískir kjósendur höfnuðu varaförsetanum og áherslum hennar enda virðist vælupendúllinn vera byrjaður að sveiflast í gagnstæða átt frá því sem verið hefur í bandarískum háskólum og fjölmiðlum.

Ólafur Ísleifsson,

3. sæti Miðflokksins í Suðurkjördæmi



Hér á landi liggur fyrir nauðsyn á að ná fullum tókum á landamærunum eftir það slys sem orðið hefur í málaflökknum með tilheyrandi tugmilljarða útgjöldum á ári hverju og álagi á innviði og samfélög. Dugmikill lögreglustjóri á Suðurnesjum hefur ásamt starfsfólki sínu lyft grettistaki. Á vettvangi stjórnmalanna þarf að rétta af misheppnaða lagasetningu í málaflökknum og tryggja lögreglu heimildir, tæki og mannafla til að ná viðunandi árangri í störfum sínum.

Um það er ekki að efast að kjósendur munu margir snúa sér í átt að þeim sem þeir telja best treystandi í þessu efni. Miðflokkurinn ætlar að tryggja örugg landamæri í þágu íslenskra hagsmuna og hefur lengst allra flokka talað fyrir að hverfa þurfi frá óþurftarstefnu liðinna ára sem í raun er á ábyrgð allra annarra stjórnmalaflokka.

Kynningarfundir vegna framkvæmda

Landsvirkjun boðar til kynningarfunda fyrir íbúa í Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi dagana 19. og 20. nóvember nk.

Sveitarfélögin tvö hafa nú veitt framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar og vindorkuvers við Vaðöldu. Á fundunum verður farið yfir helstu framkvæmdir Landsvirkjunar í sveitarfélögunum á næstunni. Þá munu fulltrúar Vegagerðarinnar einnig skýra frá áformum um framkvæmdir sínar.

Rangárþing ytra

Kynningarfundurinn verður haldinn á Landhótelinu við Landveg þriðjudaginn 19. nóvember kl. 17:30.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Kynningarfundurinn verður haldinn í Árnosi við Þjórsárdalsveg miðvikudaginn 20. nóvember kl. 17:30.

Landsvirkjun vonast til að sjá sem flesta íbúa á fundunum.

Á þeim framkvæmdatíma sem nú er að renna upp verður ítarleg upplýsingagjöf leiðarljós okkar, bæði á fundum og á vef Landsvirkjunar.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta sent spurningar fyrir fram á netfangið spurningar@landsvirkjun.is fyrir mánudaginn 18. nóvember. Reynt verður að svara sem flestum þeirra á fundinum.

 Landsvirkjun

Upplstur íslenskrar sögu á degi íslenskrar tungu

Næstkomandi laugardag, á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, verður upplstur á Brimrót á Stokkseyri á vegum Bókabæjanna austanfjalls. Upplsturinn er í samvinnu við Sögufélagið sem gefur út einkar áhugaverðar bækur um íslenska sögu í jólabókaflóðinu.

Upplstrarnir verða tveir en seinni upplsturinn verður 27. Nóvember. Þá kemur Guðmundur Jónsson og fjallar um stórmerkilega bók sem heitir Ástand Íslands um 1700. Einnig verður lesið upp úr bók Skafta Ingimarssonar Nú blakta rauðir fánar.

Á þessum fyrri upplestri kemur Hrafnkell Lárusson og kynnir bók sína Lýðræði í mótun og Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson kynnir sína bók Með harðfisk og hangikjöt að heiman. Bækurnar eiga það sameiginlegt að fjalla um lýðræði og mótunarár hins unga Íslands.

Lýðræði í mótun leitast við að skýra hvernig vöxtur félagsstarfs og almennari þátttaka í því hafði áhrif á lýðræðisþróun á Íslandi á árabílinu 1874–1915. Í bókinni er sýnt fram á afgerandi þátt félagsstarfs við að breyta samfélagsgerð og menningu. Að þróa íslenskt samfélag frá sveitasamfélagi 19. aldar til nútímasamfélags 20. aldar. Við sögu koma bæði þekktir og lítt þekktir einstaklingar.



Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson fjallar um þátttöku Íslendinga á Ólympíuleikunum í London 1948. Sumarólympíuleikarnir í London árið 1948 voru merkilegir fyrir margra hluta sakir. Vegna seinni heimsstyrjaldarinnar höfðu ekki verið haldnir Ólympíuleikar í 12 ár, en aðstæður í London voru erfiðar svona stuttu eftir stríð og stundum er talað um „meiðlætaleikana“ af þeim sökum. Þetta voru líka fyrstu sumarleikarnir sem Ísland keppti á eftir lýðveldisstofnun og Íslendingar höfðu metnað til að standa sig vel.

Upplstrarnir verða eins og áður segir á Brimrót, í félagsheimilinu Gimli, Hafnargötu 1, Stokkseyri, laugardaginn 16. nóvember og byrja kl. 13.

Léttar veitingar verða í boði hússins.

JÓLAMARKAÐUR KVENFÉLAGS LAUGDÆLA

Verður haldinn í Héraðsskólanum að Laugarvatni laugardaginn 30. nóvember kl. 14:00.



BORÐABÓKANIR FYRIR MARKAÐ

Hefur þú eitthvað fallett að selja? Hafðu samband við Þóru Þöll í síma 781-7554 eða thorameldal@gmail.com og bókaðu lítið eða stórt borð.

Kvenfélag Laugdæla sér um sitt árlega vöfflukaffi ásamt því að skapa ljúfa og góða stemningu í Héraðsskólanum til að hittast og eiga góða stund saman.

Hlökkum til að sjá ykkur, Kvenfélag Laugdæla



Ókeypís blóðsykurmæling

Hin árlega blóðsykurmæling Lionsklúbba Selfoss og Emblu fer fram næstkomandi Laugardag 16. nóvember, kl. 12 - 15 í Krónunni á Selfossi. Við hvetjum fólk til að koma og notfæra sér þessa ókeypis þjónustu og fá upplýsingar um heilsufar sitt.

Hlökkum til að hitta ykkur. Lionsklúbburinn Embla og Lionsklúbbur Selfoss.



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hjá Hveragerðisbæ vegna alþingiskosninga 30. nóvember 2024



Greiða má atkvæði utan kjörfundar á skrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk 20 í Hveragerði frá og með 18. nóvember nk.

Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00 – 15:00 og föstudaga frá 10:00 til 12:00.

Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum við kosninguna (ökuskírteini, vegabréfi eða nafnskírteini).

F.h. bæjarstjórnar Hveragerðis, Pétur G. Markan, bæjarstjóri

MINNINGARTÓNLEIKAR UM SIGFÚS ÓLAFSSON OG HJÖRT ÞÓRARINSSON



19. nóvember 2024, kl 19:30 í Hveragerðiskirkju,

Nemendur Tónlistarskóla Árnesinga og Söngsveit Hveragerðis flytja lög eftir Sigfús Ólafsson Sjá nánar á www.tonar.is

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis Verið öll hjartanlega velkomin!



Sigfús Ólafsson



Hjörtur Þórarinnsson

Árni lætur af störfum vegna heilsubrests

Árni Þór Hilmarsson hefur látið af störfum sem þjálfari karlalíðs Selfoss í körfuknattleik af heilsufarsástæðum.

Hann tilkynnti í opinni færslu á Facebook-síðu sinni að hann sé að glíma við nýrnasjúkdóm, blöðrunýru, sem hafi valdið umtalsverðri nýrnabilun.

„Nýrnabilunin er orðin talsverð og hefur leitt til allnokkra vandamála hjá mér í leik og starfi. Líkaminn gaf sig andlega og líkamlega undir lok september en með góðri hvíld og stuðningi bæði fólksins næst mér og yfirmanna þá hefur heilsan komið aftur að mestu leyti, eða þ.e.a.s. fyrir utan nýrnabilunina.“

Hann segist vera byrjaður á nýjum lyfjum sem eigi að hægja á nýrnabiluninni og finnur hann strax mun á heilsunni.

„Eftir því sem nýrnalæknirinn minn segir eru nýrun hins vegar það mikið biluð að þau munu ekki duga mér það lengi að nýrnaskipti eru það eina í stöðunni innan einhverra ára. Eftir að hafa farið aftur af stað

á yfirsúning í vinnu að nýju finn ég að líkaminn ræður ekki við það álag og streitu sem fylgir körfuboltaþjálfun og hef því ákveðið að stíga út úr því starfi.“

Árni segir þetta langt frá því að vera auðveld ákvörðun og er hún tekin með miklum trega, en heilsan verði að vera sett í fyrsta sæti.

„Sem betur fer er gott fólk við stjórnartaumana á Selfossi og ég veit að maður mun koma í manns stað,“ skrifaði Árni Þór á Facebook-síðu sinni.

„Fram að áramótum mun ég áfram starfa áfram við körfuboltaakademíuna og einnig sem yfirþjálfari og umsjónarmaður yngri flokka á Selfossi,“ bætti hann við.



Kosningarnar

Kæru kjósendur. Það er ekkert mikilvægara en að nýta atkvæðisréttinn sem svo mikið var haft fyrir fyr á árum af framsýnum mönnum að gefa okkur öllum. Það er líkast til betra að kjósa vitlaust en að kjósa ekki.

Það er staðreynd að það er gott fólk og vel hugsandi í öllum flokkum, en aðalatriðin eru það sem fólk sameinast um í hverjum þeirra. Landið okkar virðist vera í krísu efnahagslega, mest vegna stjórnmæla undanfarin sjö ár. Ríkissjóður er hriplekur og hælisleitendur fá betri kjör en þeir Íslendingar sem minnst hafa milli handanna. Hugum að umheiminum og hjálpum til þar sem þessi litla þjóð getur, en látum okkar eigið fólk ganga fyrir sem býr við bág kjör eða jafnvel á götunni. Taktu til heima hjá þér og hjálpaðu svo öðrum í neyð. Allir okkar innviðir virðast hrundir, ekki hvað síst heilbrigðis- og samgöngukerfið. Það þarf mikla uppstokkun til að koma öllu í lag og ekki síst hjá ríkisstofnunum sem eru orðnar að bákni sem stöðugt vex.

Ég hef fylgst með skoðanakönnunum, og það sem hræðir mig mest er þetta aukna fylgi Viðreisnar! Það er áhyggjuefni. ESB innganga og evra er ekki það sem við þurfum, enda var það krónan sem bjargaði okkur í hrúninu. Mörgum hefur verið talin trú um að slík innganga myndi breyta vaxtastigi og verðtryggingu hér á landi og allir myndu hafa það betra. Þvílíkur blekkingarleikur.

Fyrir ca. 12 árum fékk ég sem sveitarstjórnarfulltrúi vest-

ur á landi boð um kynningu á ESB og að koma til Brussel og kynna mér málin. Ég var ekkert spennt, en fór með tilfinningu, en kom heim með rök.

Í stuttu máli sagt, ef einhver er að tengja ESB aðild við vinstrimennsku, þá er það reginmisskilningur. Þetta er það kapítalískasta batterý sem fyrirfinnst, hreinn löbbyismi stórfyrirtækja með þingmenn í vinnu, enda byggt upp úr gamla þýska stál- og kolabandalaginu „Ef þú klórar mér, þá klóra ég þér“. Erfitt er að lýsa þessu apparati í styttra máli. Þessi hópur sem fór út var u.þ.b. 25 manns, flest Samfylkingarfólk úr Reykjavík og einn og einn af landsbyggðinni úr misjöfnum flokkum og vorum því kannski svolítið sér á báti sem andstæðingar ESB. En við hlustuðum, fengum góðar þýðingar á ensku og kynningar á áhrifum hinna ýmsu atvinnugreina. Sannleikurinn er sá, að fiskimiðin okkar færu til úthlutunar til Spánverja, Portúgala og fl. Orkan okkar færi til Evrópu með auknum kostnaði fyrir alla venjulega Íslendinga, þar sem ekki má mismuna milli þjóða. Hvað landbúnaðinn varðar, þá fengu landeigendur styrkina en þeir sem yrkja jörðina bara af rakstur sinnar eigin vinnu. Sjá má fyrir sér hvaða áhrif það hefði.

Erlendir auðjöfrar og uppkaupt á jörðum eru orðin að raunveruleika. Landbúnaðurinn okkar á nógu erfitt nú þegar, ekki hvað síst sauðfjárbúin.

Það eru tvenns konar þjóðir í ESB. Þeir sem borga og þeir sem þiggja. Brexit varð til af

Guðrún Kr. Jóhannsdóttir

Viðskiptafræðingur, Suðurkjördæmi



því þeir tilheyrðu alltaf fyrri hópnum eins og við myndum gera, þar sem við eigum auðlindir.

Þarna starfa fjölmargir löbbyismar fyrir ýmis stórfyrirtæki og jafnvel mörg fyrirtæki í einu til að ná sínum hagsmunum í gegn.

Ég skil lönd eins og Pólland, Ungverjaland o.fl. að vera þarna, landamæratengd lönd, en við erum svo heppin að vera eyland langt í vestri sem þarf þetta ekki.

Kæri kjósendi. Mundu hrundið og alla sem misstu heimilín sín. Við eigum kost á besta „krísustjórnandanum sem kom skuldaleiðréttingunni í gegn“, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Maður sem beitir skynsemishyggju, hugsar í lausnum og hikar ekki við að leita bestu lausna við hverjum vanda. Hann hefur vaska sveit með sér í öllum kjördæmum, tilbúna í slaginn.

Hvað sem þú gerir á kjördag, kjósendi góður, þá aldrei kjósa Viðreisn og ekki skila auðu. Ég kys Miðflokkinn, því ég veit hvers hann er megnugur, fái hann tækifæri til.

Settu X-ið þitt við M á kjördag og sameinumst um að bæta kjör venjulegs fólks og þeirra sem minna mega sín.

Hugleiðingar um Hveragerði

Þegar staldrað er við útsýnis-pallinn í Kömbum í dag og lítið til Hveragerðis, rifjast upp minningar um þorpið fyrir mörgum áratugum. Gamli Kambavegurinn er nú gróinn og smám saman að breytast í göngustíg eða reiðstíg. Í Hveragerði hafði myndast lítið þorp með mörgum misstórum gróðurhúsum og íbúðarhúsum. Þjóðvegurinn lá um Austurmörk, gufustrókar stigu víða til himins en lítið var um trjágróður. Ef horft var lengra austur blasti gamli Garðyrkjuskólinn við, svo og sundlaugin stolt Hvergerðinga. Reykjafjall rammaði síðan inn náttúruna til austurs, Hamarinn til norðurs, og Varmá liðaðist niður dalinn. Þorpið byggðist upp á þessum stað fyrst og fremst vegna jarðhitans.

Hveragerði í sveitarfélaginu Ölfus varð sjálfstæður hreppur árið 1946 úr jörðunum Vorsabæ og Öxnalæk. Ölfus var þá landbúnaðarsamfélag, en í Hveragerði var að myndast þorp með allt aðrar þarfir. Því skildu leiðir. Fyrirferðarmestir í Hveragerði voru garðyrkjubændur og lista-

menn. Garðyrkjumennirnir framleiddu blóm eða grænmeti, en listamennirnir voru ljóðskáld, rithöfundar eða listmálarar, allir þjóðkunnir og virtir á sínum sviðum. Hveragerði byggðist einkum vegna ókeypis jarðhita, byggingarmöguleika og náttúrunnar. Í dag eru ekki margir eftirlifandi sem muna að í „gamla“ daga var skortur á köldu vatni, nóg var af heitu vatni.

Í dag eru í Hveragerði um 3400 íbúar, sem fá alla þá þjónustu sem nútímasamfélag krefst. „Þorpið“ hefur stækkað gríðarlega og nú sjást húsin varla fyrir trjám. Hamarinn nærri falinn bak við stór furu- og grenitré, og fallegar trjábreiður í hlíðum Reykjafjalls blasa við, tré sem Garðyrkjuskólinn á Reykjum á heidurinn af. Margt annað hefur breyst á þessum tíma. Nýr þjóðvegur um Kambana í gegnum Hveragerði, fjárréttin rifin, Kaupfélagið lagt niður, Tívolúð rifin, Eden brunnin, kirkjan og Heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins risin, en apinn vinsæli í blómaverslun Michelsens löngu horfinn. Margar voru

helgarferðir Reykjavíkinga til að berja aþann augum eða til að kaupa grænmeti, ís eða kaffi í Eden. Fyrir suma er hveralýktin minnistæðust, þó að í dag sé hún að mestu horfin sem betur fer. Á vefsíðu Hveragerðisbæjar er að finna fróðlega þróunarsögu Hveragerðis. Sagan er rakin stuttlega frá upphafi snemma á síðustu öld til þessa dags.

Fyrir nokkrum árum fór fram skoðanakönnun meðal íbúa um endursameiningu Hveragerðis og Ölfuss, en Hveragerði er eins og lítið frímerki inni í Ölfusi. Vilji var til sameiningar í Hveragerði, en ekki í Ölfusi þó litlu hafi munað. Á liðnum áratugum hefur hefðbundinn landbúnaður nánast horfið í Ölfusi. Aðeins ein jörð stendur undir því nafni í dag. Sameining mun eflaust eiga sér stað þótt síðar verði, og kannske kominn tími til að gera nýja íbúakönnun.

Nú er í vinnslu Aðalskipulag Hveragerðis með áherslu á græna atvinnustarfsemi, ferðamanna- og heilsuþjónustu. Samkvæmt nýgildandi Aðalskipulagi

Hveragerðis skera þjóðvegurinn og háspennulínur land Hveragerðis í tvennt. Á næsta skipulagstímabili mun byggðin þróast til suðurs. Núverandi þjóðvegur og raflínur, ásamt helgunarsvæði þeirra, standa í vegi fyrir eðlilegri byggðarþróun. Helgunarsvæði þjóðveggarins (2+2 og hjólastígs) og háspennuraflínanna mun skerða um 20% af nýtanlegu byggjarlandi bæjarfélagsins. Það sem verra er, skerðingin er á besta byggingasvæði Hveragerðis. Uppi eru hugmyndir um að grafa rafstrengina í jörðu, en það breytir litlu eða engu því helgunarsvæði verður áfram til

staðar. Fyrir þróun Hveragerðis er gildandi aðalskipulag afleitt, reyndar það allra versta, fyrir þróun bæjarfélagsins og ótrúlegt að það hafi hlotið samþykki á sínum tíma. Nýja aðalskipulagið, sem framundan er, verður að laga þessi mistök. Land Hveragerðis þarf að nýta eins vel og unnt er og því þarf að færa bæði háspennulínur og þjóðveg að suðurmörkum bæjarfélagsins. Aðeins þannig verður byggðin samfelld. Skipulagsvaldið er í höndum bæjarfélagsins, og bæjarfulltrúum ber að nýta þetta vald. Þeirra er ábyrgðin.

Róbert Pétursson.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 4.mgr. 14.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst útgáfa framkvæmdaleyfis vegna Selfosslínu 1:

Bæjarráð Árborgar samþykkti þann 11.7.2024 útgáfu framkvæmdaleyfis vegna 66/132kV jarðstrengs í stað Selfosslínu 1, sem er 66kV loftlína austan Selfoss, vegna vegagerðar fyrir nýja Ölfusárbrú. Jarðstrengurinn í Selfosslínu 1 mun liggja til austurs, (sunnan Austurvegar) frá tengivirknu á Selfossi og þvera Gaulverjabæjarveg sunnan hringtorgs og Suðurlandsveg og austan þess. Strengurinn er innan sveitarfélagamarka Flóahrepps frá hringtorginu. Leiðin liggur meðfram lóðarmörkum norðan Suðurlandsveg og síðan samhliða nýja veginum að vestanverðu. Áður en komið er að Laugardælavegi er vegstæði nýja vegarins þverað við stofnlagnir hitaveitu, en er svo þveraður austan við þann stað þar sem hann fer í undirgöngum undir nýja veginn. Nýja veginum er svo fylgt að austanverðu um Moshólshaga að golfvöllinum og mastri 114 í Selfosslínu 1. Sá hluti sem fellur innan Árborgar nær austur fyrir hringtorg austan Selfoss, en þar eru mörk milli Árborgar og Flóahrepps.

Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu 21.5.2024.

Nálgast má frekari upplýsingar um framkvæmdina á www.skipulagsgatt.is – mál nr. 1354/2024 og á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Ákvörðun stjórnvalds um samþykkt framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur 1 mánuður frá því að auglýsingu um útgáfu framkvæmdaleyfisins birtist í Lögbirtingarblaði. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.uua.is

Virðingarfyllt,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

LEIKFÉLAGIÐ Á BORG KYNNIR:

SVARTA KÖMEDÍAN

eftir Peter Shaffer
Í ÞYÐINGU
VIGDÍSAR
FINNBOGA-
DÓTTUR

undir leikstjórn Sindra Mjólnis

FRUMSÝNING
Laugardaginn 16. nóvember
Miðasala á Tix.is

SÝNINGARDAGAR:
17. NÓV 1. DES
22. NÓV 7. DES
23. NÓV KL 20:00

UPPLÝSINGAR:
leikborg@gmail.com
611-9150



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð húsÞriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 áraMiðvikudaga kl. 11-14
Opíð húsFimmtudaga kl. 11-14
UpprekjurFöstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundur Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efrí hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
14. nóvember kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 14. nóvember kl. 14:45

KÍNAFERÐ

Sigrún Óskarsdóttir segir frá

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.Eyravegur 25 | Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is

KIRKJA

Selfosskirkja

Sunnudagaskóli sunnudaginn
17. nóvember kl. 11:00. Umsjón
Katrín, Anna Rut og leiðtogar.Kvöldmessa sunnudaginn
17. nóvember kl. 20:00. Sunn-
lenskar raddir sjá um tónlistina,
stjórnandi Stefán Þorleifsson.
Sungin verða lög eftir Stefán
Þorleifsson við texta ýmissa höf-
unda. Einsöng syngja Halla
Marínósdóttir og Hermundur
Guðsteinsson. Prestur Guðbjörg
Arnardóttir.Kyrrðarbæn þriðjudaga kl.
12:00. Morgunbæn miðvikudaga
kl. 10:00.Krílasálmur miðvikudaga kl.
10:30 og foreldramorgnar kl.
11:00.

Eyrarbyggjakirkja

Messa í Eyrarbyggjakirkju sunnu-
daginn 17. nóvember kl. 11:00.
Kammerkór Eyrarbyggjakirkju
syngur, organisti Haukur Arnarr
Gíslason. Prestur Guðbjörg
Arnardóttir.

Skálholtsdómkirkja

Messa verður í Skálholtsdómkirkju
sunnudaginn 17. nóvember kl.
11:00. Séra Axel Árnason Njarð-
vík prédikar og þjónar fyrir altari.
Jón Bjarnason dómorganisti
leikur á orgel og stýrir safnaðar-
söng. Allir velkomnir.

Hrunakirkja

Innsetningarmessa sunnudag-
inn 17. nóv. kl. 14. Biskup
Íslands, sr. Guðrún Karls Helgu-
dóttir, setur sr. Óskar Hafstein
Óskarsson inn í embætti pró-
fasts Suðurprófastsdæmis. Sr.
Kristján Björnsson, vígslubisk-
up, þjónar fyrir altari ásamt bisk-
upi og sóknarpresti. Kirkjukórar
prestakallsins syngja undir stjórn
organistanna Eyrúnar Jónas-
dóttur og Þorbjargar Jóhanns-
dóttur. Að athöfn lokinni verður
boðið upp á léttar kaffiveitingar í
félagsheimilinu á Flúðum. Verið
öll hjartanlega velkomin!Hafðu samband
og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið
og á vefinn.Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Kæru smiðir, hárgreiðslufólk og píparar!

Lokun ehf.-gatsins snýst um Lað tekjur einstaklinga umfram 1,3 milljónir á mánuði beri sama skatt – hvort sem þær eru teknar út sem arður eða laun. Lokun ehf.-gatsins hefur þess vegna engin áhrif á fólk sem er með mánaðarlegar tekjur undir þessum mörkum. Þetta þarf að vera alveg á hreinu.

Ég er húsasmiður að mennt og starfaði sem smiður í 10 ár áður en ég byrjaði að vinna við almannavarnir. Ég get lofað ykkur því að ég fór ekki í pólitík til að hækka skatta á smiði, hárgreiðslufólk og pípara, bara alls ekki. Enda hefur Samfylkingin engin áform um sérstakar skattahækkningar á þessar stéttir frekar en aðrar.

En ég gekk beint í gildruna hjá Stefáni Einari í Spursmálum vikunnar. Það mátti skilja mig sem svo að ég væri sammála fullyrðingu hans um að Samfylkingin ætlaði að hækka skatta á smiði, hárgreiðslufólk og pípara. Morgunblaðið sló því síðan upp í fyrrisögn. Ég var ekki nægjanlega skýr en leiðrétti það hér með.

Skattaglufa fyrir fólk með fleiri milljónir á mánuði

Ehf-gatið er skattaglufa sem lýsir sér í því að fólk sem er með eigin rekstur og hefur tekjur umfram 1,3 milljónir á mánuði getur í ýmsum tilvikum greitt mun lægri skatta en launamaður á sömu tekjum. Ástæðan er sú að af launum umfram 1,3 milljónir á mánuði þarf að greiða tekjuskatt í efsta þrepi og auðvitað tryggingagjald, sem er samantlagt yfir 52%. Skattur á arð er hins vegar 37,6% þegar búið er að taka tillit til tekjuskatts fyrirtækja og fjármagnstekjuskatts. Þar munar nokkuð miklu.

En eins og áður segir þá hefur ehf-gatið engin áhrif hjá fólki sem er með minna en 1,3 milljónir króna í mánaðartekjur. Það hefur hverfandi áhrif upp að 2 milljónum á mánuði – en talsverð áhrif fyrir fólk sem er með fleiri milljónir á mánuði í tekjur. Þar myndast þessi skattaglufa sem við í Samfylkingunni viljum sknúfa fyrir.

Það er jafnræðismál og snýst líka um skilvirkni. Á þetta hafa margir bent, ekki bara Samfylkingin, heldur líka Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn (AGS), fjármálaráðuneytið og Alþýðusamband Íslands (ASÍ).

Lokun ehf-gatinn

Það eru margar leiðir til að loka ehf-gatinn og öll hin Norðurlöndin hafa gert þetta fyrir löngu, hvert með sínum hætti. Við í Samfylkingunni horfum til útfærslunnar í Noregi – en aðalatriðið er ekki hvaða leið er farin, heldur að það verði vandad vel til verka við útfærsluna þannig að hún virki nákvæm-

Viðir Reynisson

Húsasmiður og
oddviti Sam-
fylkingarinnar í
Suðurkjördæmi

lega eins og við höfum sagt að hún eigi að gera.

Samfylkingin er tilbúin í þetta verkefni og það er löngu tímabært. Einstaklingar í rekstri munu þó að sjálfsögðu áfram geta dregið frá allan kostnað við sinn rekstur. Að loka ehf-gatinn snýst ekki um að breyta því. Og loks er rétt að taka fram að langflestir iðnaðarmenn eru launamenn og aðeins brot af þeim eru bæði sjálfstætt starfandi og með yfir 1,3 milljónir í mánaðartekjur.

Með því að loka ehf-gatinn aukum við jafnræði og skilvirkni í skattkerfinu án þess að hækka skatta á almennt launafólk, smiði, hárgreiðslufólk eða pípara. Og það skilar umtalsverðum tekjum til brýnna verkefna að koma í veg fyrir að þeir sem eru með mjög háar tekjur notfæri sér ehf-gatið til að koma sér undan greiðslum til samfélagsins upp á marga milljarða á ári.

Samfylkingin lækkar kostnað heimila og fyrirtækja

Samfylkingin ætlar ekki að hækka skatta á vinnandi fólk. Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert nóg af því að hækka kostnað heimila og fyrirtækja – með því að hækka vexti, hækka verð og hækka skattbyrði venjulegs vinnandi fólks, jafnt og þétt, frá árinu 2013. Samfylkingin ætlar að lækka kostnað heimila og fyrirtækja. Með því að gera það sem þarf til að negla niður vexti og verðbólgu – með því að taka til í ríkisrekstrinum, fjölga íbúðum strax með bráðaðgerðum, lögfesta stöðugleikareglu og samþykkja hallalaus fjárlög sem fyrst. Og já, til þess þarf vissulega að afla tekna með sanngjörnum hætti.

Langstærsta vandamál minni fyrirtækja og einyrkja er óstöðugleikinn sem ríkisstjórnin hefur leitt yfir landið: Þessir alltof háu vextir, verðbólga, húsnaðisverð, stefnuleysi og skortur á fyrirsjáanleika er það sem er að gera út af við fyrirtækin í landinu núna.

Samfylkingin ætlar að laga þetta. Við ætlum að hrista upp í kerfinu og laga Ísland þannig að það fari að virka aftur fyrir venjulegt fólk, og þar með talið smiði, hárgreiðslufólk og pípara – fáum við til þess traust í kosningunum þann 30. nóvember.

Opnað hefur verið fyrir tilnefningar vegna Viðurkenningarhátíðar FKA 2025

FKA kallar eftir tilnefningum fyrir árlega Viðurkenningarhátíð - hafðu áhrif á valið og skilaðu inn tillögum.

FKA Viðurkenningarhátíðin er haldin árlega við hátíðlega afhöfn þar sem konur úr atvinnulífinu eru heiðraðar. FKA kallar eftir tilnefningum frá almenningi og atvinnulífinu. Hægt er að tilnefna konur í einum flokki eða öllum til og með 21. nóvember nk.

Það sagði enginn að það ætti að vera auðvelt að vera í dómnefnd

Dómnefnd skipuð sjö aðilum fer yfir allar tilnefningar og verða úrslit kynnt á stórglæsilegri Viðurkenningarhátíð FKA á Grand Hótel Reykjavík 29. janúar 2025. Dómnefnd mun meta og á endanum velja konur sem hljóta FKA þakkarviðurkenningu, FKA viðurkenningu og FKA hvatningarviðurkenningu. Lögð er áhersla á að fá nöfn ólíkra kvenna á lista þar sem mikilvægt er að

beina kastaranum að flöttum fyrirmyndum og fjölbreyttum hópi kvenna af öllu landinu, með ólíkan bakgrunn og reynslu sem dómnefnd mun vinna með og á endanum velja þær konur sem verða heiðraðar.

FKA heldur áfram að skrifa konur inn í söguna.

FKA viðurkenningin var fyrst veitt árið 1999 og síðustu ár hefur framlína í íslensku atvinnulífi og nánir samstarfsfélagar og fjölskyldur viðurkenningarhafar fagnað saman á stórglæsilegri hátíð sem beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu.

Á Viðurkenningarhátíðinni eru veittar viðurkenningar til þriggja kvenna sem hafa verið hvatning og fyrirmyndir:

- FKA Viðurkenning er veitt fyrir vel unnin störf í þágu atvinnureksturs kvenna eða þeim sem er eða hefur verið konum í atvinnulífinu sérstök hvatning eða fyrirmynd.

- FKA Hvatningarviðurkenning

ing er veitt konu í atvinnulífinu fyrir athyglisvert frumkvæði eða nýjungar.

- FKA Þakkarviðurkenning er veitt konu fyrir eftirtektarvert ævistarf sem stjórnanda í atvinnulífinu.

Hvaða þrjár konur verða heiðraðar? Hafðu áhrif og sendu inn tilnefningu fyrir FKA-viðurkenninguna, FKA-þakkarviðurkenninguna og FKA-hvatningarviðurkenninguna 2025.

Nánari upplýsingar veitir

Andrea Róbertsdóttir framkvæmdastjóri FKA (andrea@fka.is)

Vertu hreyfiafl, hafðu áhrif á val á FKA viðurkenningarhöfum.

Kær kveðja – FKA



Tanya Zharov aðstoðarforstjóri Alvotech FKA viðurkenningarhafi 2024, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja FKA þakkarviðurkenningarhafi 2024 og Inga Tinna Sigurðardóttir stofnandi Dineout FKA hvatningarviðurkenningarhafi 2024. Ljósmynd: Silla Páls.



Ásta S. Fjeldsted, Dr. Guðfinna Sesselja Bjarnadóttir og Grace Achieng heiðraðar á FKA viðurkenningarhátíð 2023. Ljósmynd: Silla Páls.



Hafrún Friðriksdóttir framkvæmdastjóri rannsóknar- og þróunarviðs Teva hlaut FKA viðurkenninguna 2022 til vinstri með Unni Elvu Arnardóttur hjá Skeljungi sem er formaður FKA. Ljósmynd: Silla Páls.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar og skipulagslýsing vegna deiliskipulagsáætlunar:

1. Stóra-Ármót L166274; Stækkun íbúðarbyggðar; Aðalskipulagsbreyting – 2408030

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. nóvember 2024 að kynna breytingu á aðalskipulagi sem nær til lands úr Stóra-Ármóti L166274. Áætlað er að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölga lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver lóð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggðarsvæði ÍB4 í gildandi aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni. Deiliskipulag svæðis verður breytt samhliða breytingu aðalskipulags.

2. Vesturhlíð L192153; Bildsfell í Grafningi; Frístundabyggð F16 og verslunar- og þjónustusvæði Vp5; Deiliskipulag – 2410072

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. nóvember 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til nýs deiliskipulags á frístundasvæði F16 og verslunar- og þjónustusvæðis Vp5 sem eru staðsett innan lands Vesturhlíðar L192153.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

3. Skálmholt land L186111; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting – 2405029

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. september 2024 óverulegar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps er varða íbúðarsvæði í Skálmholti. Að mati Skipulagsstofnunar þurfti að gera með ítarlegri hætti grein fyrir heimildum breytinganna og er því lögð fram uppfærð tillaga. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu á aukahúsum tengdum uppbyggingu á íbúðarhúsalóðum. Niðurstaða sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Samkvæmt 41 og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar auk deiliskipulagsbreytingar:

4. Útey 1 L167647; 2 skipulagsáætlanir sameinaðar; Deiliskipulag – 2405119

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 30. október 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar í landi Úteyjar 1. Tillagan tekur til frístundasvæðis F32 innan aðalskipulags Bláskógabyggðar. Innan flákans eru í dag tvær deiliskipulagsáætlanir sem taka til sama svæðisins. Við gildistöku nýs skipulags sem tekur til svæðisins í heild er gert ráð fyrir að eldri tillögur falli úr gildi.

5. Suðurbakki 3 L232548; Rekstrarleyfi; Deiliskipulagsbreyting – 2409012

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. september 2024 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundabyggðar í landi Ásgarðs, hluti III (Búrfellsvegur að Sogi). Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfislykka útleigu sumarhúsa innan deiliskipulagsvæðisins í takt við heimildir aðalskipulags.

Samkvæmt 4. mgr. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst útgáfa framkvæmdaleyfis vegna lagningar jarðstrengs í stað Selfosslínu 1.

6. Flóahreppur og Árborg; SE1 jarðstrengur í stað Selfosslínu 1; Framkvæmdaleyfi – 2409033

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. október 2024 útgáfu framkvæmdaleyfis sem staðsett er innan markar Árborgar og Flóahrepps. Um er að ræða lagningu 66/132kV jarðstrengs í stað Selfosslínu 1, sem er 66 kV loftlína austan við Selfoss, vegna vegagerðar fyrir nýja Ölfusárbrú. Jarðstrengurinn í Selfosslínu 1 mun liggja til austurs, (sunnan Austurvegar) frá tengivirkinu á Selfossi og þvera Gaulverjabæjarveg sunnan hringtorgs og Suðurlandsveg og austan þess. Strengurinn er innan sveitarfélagamarka Flóahrepps frá hringtorginu. Leiðin liggur meðfram lóðarmörkum norðan Suðurlandsvegur og síðan samhliða nýja veginum að vestanverðu. Áður en komið er að Laugardælavegi er vegstæði nýja vegarins þverað við stofnlagnir hitaveitu, en er svo þveraður austan við þann stað þar sem hann fer í undirgöngum undir nýja veginn. Nýja veginum er svo fylgt að austanverðu um Moshólshaga að golfvellinum og mastrí 114 í Selfosslínu 1. Framkvæmdaleyfi þetta má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar um útgáfu leyfisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is og www.gogg.is.

Mál 1 og 2 innan auglýsingar eru mál í kynningu frá 14. nóvember með athugasemdafresti til og með 6. desember.

Mál 3 innan auglýsingar er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar.

Mál 4 og 5 innan auglýsingar eru mál í auglýsingu frá 14. nóvember með athugasemdafrest til og með 27. desember.

Mál 6 innan auglýsingar er tilkynning um útgáfu framkvæmdaleyfis. Ákvörðun sveitarstjórnar um samþykkt framkvæmdaleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur 1 mánuður frá því að auglýsingu um útgáfu framkvæmdaleyfisins birtist í Lögbirtingablaði. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.uua.is

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



Fischersetri afhentur viðurkenningargripur til varðveislu

Aþjóða skáksambandið (FIDE) fagnaði 100 ára afmæli sínu í september sl. Af því tilefni leit sambandið yfir farinn veg og veitti ýmsar viðurkenningar. Heimsmeistarainvígð 1972, "Einvígi aldarinnar," milli Bobby Fischer og Boris Spasski var útmefnt Minnisstæðasti skákviðburðurinn í 100 ára sögu FIDE. Við þetta tækifæri tók Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands (SÍ), við viðurkenningargrip fyrir hönd íslenskrar skákhreyfingar, en SÍ var framkvæmdaraðili þessa merka viðburðar.

Föstudaginn 8. nóvember sl. afhenti Guðmundur G. Þórarinnsson, forseti SÍ í aðdraganda einvígisins og meðan á því stóð, viðurkenningargripinn Fischersetri til varðveislu. Aldís Sigfúsdóttir forstöðumaður Fischersetursins tók við honum.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir,

menningar- og viðskiptaráðherra, flutti ávarp á viðburðinum. Hún talaði um hversu stórt einvígð hefði verið og að það stæði til að gera kvikmynd um það. Handritshöfundur myndarinnar er sá sami og gerði kvikmyndina um Whitney Houston. Hann gerir handritið í samstarfi við Sigurjón Sighvatsson.

Lilja sagði einvígð hafa mikil áhrif á Ísland. Það hafi verið mikið hugrekki að halda viðburðinn hér á landi og hugarfarið hafi skipt miklu máli. Hún sagði að það þyrfti að miðla þessu hugarfari til unga fólksins, að hafa ekki of miklar áhyggjur og berjast fyrir því sem við trúum á.

Guðmundur G. Þórarinnsson tók einnig til máls ásamt Kjartani Björnssyni.

Í lok athafnar var tónlistaratriði á vegum Bakkastofu á Eyrarbakka. Valgeir Guðjónsson og

Joel Christopher Durksen tóku nokkur vel valin lög.

EHI

360°SMÍÐI

Við hjá 360°smíði getum bætt við okkur verkefnum inni og úti.

Tilboð eða tímavinna.

Skoðum öll verk.

Endilega hafið samband á 360smidi@360smidi.is erum á Selfossi.

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAMA AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

800 LAGNIR

**ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR**

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Freint um allt Suðurland

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

